

Vatnsendaskóli

Nemendakönnun 6. – 10. bekkur 2016 - 2017

Vatnsendaskóli tekur þátt í nemendakönnun Skólapúlsins og eru það nemendur í 6. – 10. bekkjum sem taka þátt í könnuninni. Þeir þættir sem mældir eru snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Veturinn 2016 – 2017 voru 227 nemendur í úrtakinu og svöruðu 215 nemendur könnuninni eða 94,7%. Vatnsendaskóli kom vel út úr þessari könnun og eru margir styrkleikar sýnilegir. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum.

Virkni nemenda í skólanum

Styrkleikar nemenda liggja í þrautseigju í námi sem mældist 5,4 en landsmeðaltalið er 5,1, trú á eigin námsgetu sem mældist 5,4 en landsmeðaltalið er 5,1 og trú á eigin námsgetu sem mældist 5,5 en landsmeðaltalið er 5,0.

Ánægja nemenda af náttúrufræði flokkast til umbóta en hún mældist 4,8 sem var rétt undir landsmeðaltalinu en það var 5,0.

Líðan og heilsa

Vatnsendaskóli kemur vel út úr þessum lið. Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan mælast allir hærra en landsmeðaltalið. Sjálfsálit nemenda mælist sérstaklega hátt eða 5,3 en landsmeðaltal er 4,9 og vellíðan mælist 5,1 en landsmeðaltal er 4,9. Nemendur í Vatnsendaskóla borða hollari mat en almennt en þar mælast þeir 5,2 en landsmeðaltalið er 4,8. Einelti mælist í rannsókninni 5,3 í Vatnsendaskóla en landsmeðaltalið er 5,2. Þessa tölu viljum við lækka meira.

Eini þátturinn sem kemur illa út í þessum lið er tíðni hreyfingar en að öllum líkindum er það vegna aðstæðna en við erum ekki með íþróttahús við skólann. Við sjáum fram á að þessi tala breytist með tilkomu nýs íþróttahúss við skólann.

Skóla- og bekkjarandi

Í þessum lið er þættir er varða samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, aga í tímum, þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu skoðaðir. Vatnsendaskóli kemur vel út úr þessum þáttum og þá sérstaklega samsömun við nemendahópinn og mikilvægi heimavinnu en þar skorum við hærra en landsmeðaltalið. Umbóta er þörf varðandi aga í tímum sem mælist 4,6 en landsmeðaltalið er 5,0 og þátttöku nemenda í tímum sem mælist 4,9 en landsmeðaltalið er 5,1.